

**Mælingar við Skriðulæk hjá Hofi í  
Skaftafellssýslu**

**Bjarni Kristinsson**

**Greinargerð BK-2001-02**

2001-11-15

## Mælingar við Skriðulæk hjá Hofi í Skaftafellssýslu

Með símtali í október baðst Knútur Bruun þess að Vatnamælingar Orkustofnunar mældu rennsli Skriðulæks í Bæjargili, upp af Hofsbæjum í Örafum.

Í ferð um Skaftafellssýslur unnu tveir starfsmenn vatnamælinga verkið laugardaginn 10. nóvember. Sigurjón Gunnarsson bóndi að Litla-Hofi var með í för og leiðbeindi um æskilega mælistaði. Mælt var hátt í Bæjargili og var mjög hvasst upp gilið á meðan mælt var.

Auk rennismælingar voru mæld hnit og hæð tveggja punkta með GPS-tæki. Annar punkturinn, er í gílinu, ca. 20m niður með læknum frá rennismælistaðnum og ca. 2m lægra í landi. Hann kallast gilpunktur í meðfylgjandi töflu. Mælt var á nefi á vinstri bakka við brún ca. 1,5 m foss, hvar reist var varða með 4 steinum. Sigurjón þekkir staðinn. Hinn punkturinn er á jörðu við NV horn girðingarinnar umhverfis félagsheimilið Hofgarð og kallast hornpunktur í meðfylgjandi töflu. Sigurjón þekkir þennan stað líka.

Niðurstöður:

Rennsli Skriðulæks mældist **0,523 m<sup>3</sup>/s.** (Mælt klukkan 12:45-13:46)

Hnit og hæð GPS punkta (WGS 84)

Gilpunktur	63°54,812
228 m y.s.+/-8 m	16°42,094
Hornpunktur	63°54,497
105 m y.s.+/-8 m	16°43,048

Virðingarfyllst

Bjarni Kristinsson  
 Svæðisstjóri á suðurlandi